



Fundargerð stjórnar Tæknimínjasafns Austurlands

Fimmtudagur 16. nóvember 2021 kl. 20:00 – 21:30 á Teams

Mætt / vantar

Skúli Vignisson formaður, Bjarki Borgþórsson ritari, Ingirafn Steinarsson aðalmaður, Tinna Guðmundsdóttur varamaður, Jónína Brynjólfsdóttir rekstrarstjóri.

Vantar:

Fundargerð

- 1) Starfsmannamál
 - a) ZA kom og átti samtal við JB. Hann vill gjarnan koma aftur til starfa en það er óvíst hvenær það verður enda liggja ekki fyrir aðrar upplýsingar en það sem áður hefur komið fram, að hann sé í ótímabundnu leyfi. Ljóst er að hann á enn veikindarétt hjá stéttarfélagi eftir miðjan desember. Hann óskaði óformlega eftir því að kannað væri forsenda þess að hann viki starfi safnstjóra en héldi áfram stöfum við muni safnsins.
- 2) Aðalfundur
 - a) Búið er að boða aðalfund og liggja flest gögn fyrir.
 - i) Ársreikningur er tilbúinn
 - ii) Ársskýrsla verður með allra minnsta móti en í formi þess sem sent var til Safnaráðs.
 - iii) 3 ára áætlun verður kynnt, JB og EHP eru að vinna á fullu í því núna.
 - iv) Það þarf að undirbúa bókun sem gefur heimild til grisjunar og förgunar muna.
- 3) Miðstöð menningarfræða
 - a) Samningur við Sigrúnu Júníu er klár og einhver fjöldi tíma sem færast yfir á næsta ár.
- 4) Fjárhagsáætlun
 - a) JB kynnir stöðu á fjárhagsáætlun og starfslýsingum vegna ársins 2022 og drög sem fara í 3 ára áætlun til ríkisins. Rætt nánar á aðalfundi.
- 5) Umsóknir til Safnaráðs



- a) Rætt um hugmyndir að Öndvegisstyrk sem væri þá 5 milljónir á ári í 3 ár og snýr að björgun safnkosts og skráningu muna.
 - b) Hönnun á húsum og ytra svæði fyrir safnið og sækja um fyrir 3 milljónir og síðasta fasa í stefnumótun og framtíðarsýn um 1,5 milljón.
 - c) JB skoðar með Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.
- 6) Söfnunarstefna, grisjunaráæltun og uppvinnslu- og förgunarstefna
- i) Það er áætlaður fundur á fimmtudaginn þar sem verður farið í söfnunarstefnuna og skorið verulega niður í því sem safnið muni safna.
- 7) Björgun safnkosts, heimsókn frá Þjóðminjasafni
- a) Lilja Árnadóttir, Ágústa og Freyja munu koma næsta miðvikudag og fara í gegnum Fjarskiptasafn símans, funda með vinnuhóp um söfnunarstefnu safnsins og aðstoða við uppsetningu á forgagnsröðun varðandi muni næstu mánuði.
- 8) Safnkostur, staða mála
- a) Búið er að afhenda Héraðsskjalasafni og Ljósmyndasafni Austurlands skjöl og myndir. Gerð verður fréttatilkynning bráðlega um það.
 - b) Halli og Ívar eru nú í átaki, það þarf að tæma Öldugötu, aðstoða með Meyjarskemmu til að koma gögnum þar inn af Öldugötunni og afhenda Öldugötu fyrir mánaðarmót. Búið er að tæma úr bræðslunni það sem eftir hafði orðið og ganga frá því.
 - c) Búið er að kaupa lyftara til að vinna með í geymslunni
- 9) Húsnæðismál
- a) Beðið er svara frá Múlapingi með Vjelsmiðjuna en það er komið rafmagn þar inn. JB bað NTÍ um að meta hvað þyrfti að gera við húsið og kannaði hjá verktaka hvort hann gæti gert það. Bauð Múlapingi að annast þá helstu viðgerðir og afhenda síðan húsnæðið. Möguleiki er á að sækja um í húsafriðunarsjóð fyrir meira en því sem NTÍ mun setja fram.
 - b) Sala á Skemmu er að klárast, vonandi í næstu viku.
- 10) Fjármál
- a) Samþykkt að 50. milljónir verði lagðar inn á veltubréf +
- 11) Önnur verkefni / Önnur mál



- a) Jólakort eru tilbúin og verða send í hús á Seyðisfirði rétt fyrir jól.
 - b) Fréttabréf er einnig tilbúið og verður sent inn á heimili á Seyðisfirði núna um mánaðarmótin og samhliða verða send út gjafabréfin úr Karolina fund.
 - c) KRP er að vinna með Rúv að því að koma heimildarmyndinni í sýningu hjá þeim.
 - d) Jólafri og jólagjafir starfsmanna. Rætt um útfærslur að því. Samþykkt að hafa lokað á Þorláksmessu sem og milli jóla og nýárs. Starfsmenn JB/KRP fengju því í jólagjöf jólafrí þann tíma.
 - e) Tillaga að jólagjöfum fyrir verktaka rædd, JB falið að klára málið
 - f) Verið er að skoða að koma jólaljósum á Auðbjörgu og fá Þjóðminjasafnið til að úrskurða um framtíð bátsins. Spurning að koma honum niður og breyta honum í leikaðstöðu einhversstaðar.
 - g) Fundað var með Jóhanni Grétari og rætt um að aðstoða El Grillo félagið að koma upp munum í bænum með samstarfi við Múlaping. Setja upp skilti og slíkt, við gætum svo geymt fyrir félagið muni án þess að hafa skilgreint í söfnunarstefnu að safna munum.
 - h) EHP er að skrifa grein um komu símans til landsins og verður það klárt fyrir miðjan desember.
- 12) Næsti fundur er aðalfundur og verður 25. nóvember kl. 14 að Hafnargötu 44.